

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2020/1281****2021/EES/34/09****frá 14. september 2020****um að samþykkja ekki virka efnið etametsúlfúrónmetýl í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins
(EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 frá 21. október 2009 um setningu plöntuverndarvara á markað og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 79/117/EBE og 91/414/EBE ⁽¹⁾, einkum 2. mgr. 13. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Samkvæmt a-lið 1. mgr. 80. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 á tilskipun ráðsins 91/414/EBE ⁽²⁾ að gilda um virk efni sem ákvörðun hefur verið samþykkt um í samræmi við 3. mgr. 6. gr. þeirrar tilskipunar fyrir 14. júní 2011, að því er varðar málsmeðferð og skilyrði fyrir samþykki. Að því er varðar etametsúlfúrónmetýl var ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/124/ESB ⁽³⁾ samþykkt 23. febrúar 2011 í samræmi við 3. mgr. 6. gr. þeirrar tilskipunar.
- 2) Hinn 29. júní 2010 lagði DuPont de Nemours GmbH umsókn fyrir Breska konungsríkið um færslu virka efnisins etametsúlfúrónmetýls á skrá í I. viðauka við tilskipun 91/414/EBE í samræmi við 2. mgr. 6. gr. tilskipunar 91/414/EBE. Staðfest var með ákvörðun 2011/124/ESB að málskjölin væru fullnægjandi að því leyti að þau uppfylltu í aðalatriðum gagna- og upplýsingakröfurnar í II. og III. viðauka við tilskipun 91/414/EBE.
- 3) Seinna eignaðist FMC Agricultural Solutions A/S öll réttindi DuPont de Nemours GmbH varðandi etametsúlfúrónmetýl.
- 4) Mat á áhrifum etametsúlfúrónmetýls á heilbrigði manna og dýra og á umhverfið var innt af hendi, í samræmi við málsmeðferðina sem kveðið er á um í 2. og 4. mgr. 6. gr. tilskipunar 91/414/EBE, með tilliti til þeirrar notkunar sem umsækjandinn fyrirhugaði. Breska konungsríkið lagði drög að matsskýrslu fyrir framkvæmdastjórnina og Matvælaöryggisstofnunina (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) 17. september 2012.
- 5) Aðildarríkin og Matvælaöryggisstofnunin endurskoðuðu drögin að matsskýrslunni. Matvælaöryggisstofnunin lagði niðurstöðu sína ⁽⁴⁾ um áhættumatid á varnarefnum með virka efninu etametsúlfúrónmetýli fyrir framkvæmdastjórnina 11. desember 2013. Í apríl 2014 veitti framkvæmdastjórn Evrópusambandsins Matvælaöryggisstofnuninni umboð til að skipuleggja og framkvæma jafningjarýni að því er varðar ný gögn um eitt af umbrotsefnum etametsúlfúrónmetýls. Matvælaöryggisstofnunin lagði uppfærða niðurstöðu sína fyrir framkvæmdastjórnina 14. júlí 2014 ⁽⁵⁾.
- 6) Í bréfi dagsettu 7. maí 2020 dró FMC Agricultural Solutions A/S umsókn sína um samþykki fyrir etametsúlfúrónmetýli til baka.
- 7) Þar eð umsóknin var dregin til baka ætti ekki að samþykkja etametsúlfúrónmetýl.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjttð. ESB L 301, 15.9.2020, bls. 7. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 139/2021 frá 23. apríl 2021 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjttð. ESB L 309, 24.11.2009, bls. 1.

(2) Tilskipun ráðsins 91/414/EBE frá 15. júlí 1991 um markaðssetningu plöntuvarnarefna (Stjttð. EB L 230, 19.8.1991, bls. 1).

(3) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/124/ESB frá 23. febrúar 2011 um að viðurkenna í grundvallaratriðum heilleika málskjálanna sem lögð voru fram til nákvæmrar athugunar með tilliti til hugsanlegrar færslu etametsúlfúrónmetýls á skrá í I. viðauka við tilskipun ráðsins 91/414/EBE (Stjttð. ESB L 49, 24.2.2011, bls. 42).

(4) EFSA (Matvælaöryggisstofnun Evrópu), 2014. „Conclusion on the peer review of the pesticide risk assessment of the active substance ethametsulfuron (evaluated variant ethametsulfuron-methyl).“ *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2014, 12(1), 3508, 94 bls., doi:10.2903/j.efsa.2014.3508

(5) EFSA (Matvælaöryggisstofnun Evrópu), 2014. „Conclusion on the peer review of the pesticide risk assessment of the active substance ethametsulfuron (evaluated variant ethametsulfuron-methyl).“ *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2014, 12(7), 3787, 96 bls., doi:10.2903/j.efsa.2014.3787

- 8) Þessi reglugerð kemur ekki í veg fyrir framlagningu frekari umsókna varðandi virka efnið etametsúlfúrónmetýl skv. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009.
- 9) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Virkt efni ekki samþykkt

Virka efnið etametsúlfúrónmetýl er ekki samþykkt.

2. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 14. september 2020.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.
